


Útskaf úr legi



Almennt um útskaf:

Útskaf er aðgerð til að tæma leghol. Aðgerðin er notuð í völdum tilfellum eftir fósturlát, fóstureyðingu eða fæðingu. Aðgerðin er framkvæmd í stuttri svæfingu á skurðstofu og er gerð í gegnum legggöng. Leghóls er opnaður með áhöldum og innihald legsins fjarlægð með sögi. Fylgikvillar eftir aðgerðina eru sjaldgæfir (2-4%). Algengustu fylgikvillar eru ríkuleg blæðing á meðan á aðgerð stendur, sýking í legi eftir aðgerð eða að ekki næst að tæma legið fullnægjandi. Í einstaka tilfellum getur komið gat á legið við aðgerðina en það grær oftast án nokkurra vandamála. Aðgerðin hefur yfirleitt ekki áhrif á framtíðar frjósemi. Þó geta samvextir í legholi, sem er sjaldgæfur fylgikvilli (<1%) haft áhrif á þungunarmöguleika í framtíðinni.

Kvöldið fyrir aðgerð:

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er ekki góð fyrir líkamann og fólki líður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefns kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi, tærir orkuríkir drykkir og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ekki má nota tóbak síðustu 2 klst. fyrir komu á spítalann.

Aðgerðardagur:

- Fyrir aðgerð eru gefnar tvær töflur af lyfinu mísóprostól (Cytotec) sem mýkir leghálsinn og veldur samdráttum í legi. Töflunum er komið fyrir hátt uppi í leggöngum kl. 06 að morgni aðgerðardags eða um tveimur klukkustundum fyrir áætlaðan aðgerðartíma. Þær geta valdið verkjum og blæðingu.
- Fara þarf í sturtu að morgni aðgerðardags, þurrka sér með hreinu handklæði og klæðast hreinum fötum.
- Fjarlægja þarf naglalakk og skartgrip. Ekki má nota húðkrem, ilmefni eða andlitsfarða eftir sturtuna.
- Mæting er á kvenlækningadeildar 21A kl. 7:15. Hjúkrunarfræðingur eða sjúkralíði vitjar þeirra sem mæta til aðgerðar á biðstofu í anddyri.

Þegar komið er á kvenlækningadeildina fer hjúkrunarfræðingur yfir undirbúning fyrir aðgerðina. Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist. Aðgerð tekur um 10-15 mínútur. Eftir aðgerð tekur við dvöl í vöknunarherbergi þar sem fylgst er náið með líðan þinni. Þaðan ferðu aftur á kvenlækningadeild 21A. Heimsóknir eru ekki leyfðar fyrr en þangað er komið.

Verkir

Verkir eru yfirleitt vægir eftir aðgerðina. Verkjalyf eru gefin eftir þörfum hvers og eins. Við mat á verkjum er notast við verkjakvarða þar sem 0 þýðir enginn verkur og 10 verstu hugsanlegu verkir. Láttu hjúkrunarfræðing vita ef verkir aukast svo hægt sé að meðhöndla þá strax.

0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Engir verkir		Vægir verkir		Miðlungs verkir		Miklir verkir		Gríðarlegir verkir		

Næring

Borða má strax við komu á deild eftir aðgerð. Ef þú finnur fyrir ógleði eftir svæfinguna færðu lyf við því eftir þörfum.

Þvaglát

Eftir svæfingu getur komið fram tregða við þvaglát og því þarf að reyna að pissa fljótlega eftir komu á deild. Láttu starfsfólk vita ef ekki gengur að pissa.

Blæðing

Búast má við að það blæði frá leggöngum meira en við venjulegar blæðingar við fyrstu salernisferð en eftir það fara þær minnkandi.

Fylgd heim

Gera þarf ráð fyrir að fá fylgd heim, því ekki má aka bíl fyrr en daginn eftir svæfingu. Eins er ráðlegt að hafa einhvern hjá sér fyrstu nóttina eftir aðgerð til öryggis.

Útskrift

Útskrift er áætluð samdægurs. Ef blóðflokkur þinn er Rhesus neikvæður er gefin mótefnasprauta (anti-D) fyrir heimferð til að koma í veg fyrir myndun mótefna sem geta verið skaðleg í næstu þungun. Fyrir heimferð veitir hjúkrunarfræðingur þér og aðstandanda þínum útskriftarfræðslu.

Starfsfólk kvenlækningadeildar óskar þér góðs gengis !

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyrið um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:

LANDSPÍTALI
KVENLÆKNINGADEILD 21A
JÚNÍ 2018
LSH-

ÁBYRGÐARMENN:

YFIRLÆKNIR KVENLÆKNINGA,
DEILDARSTJÓRI 21A

HÖNNUN:

SAMSKIPTADEILD